



Skólahljómsveitir í Reykjavík - Innritun f. 2016-2017

Tekið er á móti nýjum umsóknum í skólahljómsveitirnar fjórar í Reykjavík frá og með 29. apríl næstkomandi. Sækja þarf um í gegnum Rafræna Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 10. júní vegna skólaársins 2016-2017, en hægt er að skila inn umsóknum allt árið vegna yfirstandandi skólaárs hverju sinni.

Þeir sem þegar hafa reynt að sækja um vegna næsta skólaárs eru beðnir að endurtaka umsóknina inn á rétt skólaár.

Nám og Námsgjöld - haustönn 2016

Í skólahljómsveitum er kennt á öll helstu mál- og tréblásturshljóðfæri auk slagverkshljóðfæra. Einnig eru dæmi um að kennt sé á bassa. Hægt er að leigja hljóðfæri hjá sveitunum. Námsgjöld fyrir haustönn 2016 eru 13.350 kr. og hljóðfæragjald fyrir þá önn er 4.100 kr.



Metnaðarfullt hljóðfæranám hjá úrvalskennurum

Í skólahljómsveitum er boðið upp á metnaðarfullt hljóðfæranám með vel menntuðum og reynslumiklum kennurum. Námið tekur mið af aðalnámskrá tónlistarskóla.



Aðaláhersla á samspil

Mikilvægt er að nemendur sem hefja nám í skólahljómsveit geri sér grein fyrir því að aðaláherslan er á samspil og að allir nemendur eiga að taka virkan þátt í æfingum sveitanna og tónleikahaldi. Í einkatímum fá nemendur kennslu og þjálfun í að spila á sitt hljóðfæri.

Í Árbæ, Breiðholti og Norðlingaholti

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts
Aðsetur: Breiðholtsskóli, Arnarbakka 1-3, 109 Reykjavík
Sími: 664 8156
Netfang: snorri.heimisson@reykjavik.is
Veffang: skolahljomsveitir.is
Hljómsveitarstjóri: Snorri Heimisson

Í Vesturbæ og Miðbæ

Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar
Aðsetur: Hljómskálinn, v/Frikkirkjuveg, 101 Reykjavík
Sími: 861 4661, 561 4661
Netfang: larus.haldor.grimsson@reykjavik.is
Veffang: skolahljomsveitir.is
Hljómsveitarstjóri: Lárus Halldór Grimsson

Skólahljómsveit Austurbæjar

Aðsetur: Laugarnesskóli, Kirkjuteig 24, 105 Reykjavík
Sími: 664 8404
Netfang: skolaus@reykjavik.is
Veffang: skolahljomsveitir.is
Hljómsveitarstjóri: Vilborg Jónsdóttir

Í Grafarvogi, Grafarholti og Úlfarsárdal

Skólahljómsveit Grafarvogs
Aðsetur: Húsaskóli, Dalhúsum 41, 112 Reykjavík
Sími: 587 8189
Netfang: skolahljomsveit.grafarvogs@reykjavik.is
Veffang: skolahljomsveitir.is
Hljómsveitarstjóri: Einar Jónsson

Meginmarkmið skólahljómsveita í Reykjavík er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda í tónlist með hljómsveitarstarfi og styðja við tónlistaruppeldi nemenda sinna í samstarfi við skólana.